

119

28. sept.

9. gr.

Sem borgun upp í sild þá, sem send verður til Svíþjóðar, greiðir Útflutningsnefndin fyrst um sinn 75 — sjötiú og fimm — auru pr kiló af viðurkendri nettóvigti, og verður sú greiðsla látin í tje þegar sildinni er útskipað og andvirðið greitt af kaupanda. — Verði sildinni til Svíþjóðar ekki útskipað fyrir 15. október n. k., skal umboðsmanni Svía skylt að veita sildinni móttöku hið fyrsta, eða svo fljótt sem hann kemst yfir að skoða, vigta og viðurkenna hana. — Verði sildin eigi útflutt 1. janúar 1919, skulu seljendur samt skyldir að viðhalda henni gegn greiðslu eftir reikningi, er Útflutningsnefndin samþykkir, en geymslupláss leggur seljandi þá til ókeypis. Eftirstöðvar af andvirði síldarinnar greiðist samkvæmt lögum Alþingis um síldarkaup landsstjórnarinnar, dags. 30. júlí þ. á.

Reykjavík, 28. september 1918.

Thor Jensen. Pjetur Jónsson. O. Benjamínsson.

120

19. okt.

Reglugjörð

um verðframsæslu á vörum í heilðsölu.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 7, 30. júlí 1918, um viðauka við lög nr. 5, 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum, eru hjermeð sett eftirfarandi fyriræli:

1. gr.

Hámark verðframsæslu á vörum í heilðsölu skal vera sem hjer greinir, og miðast verðframsæslan v.ð það, sem varan kostar komiú í hús á sölustaðnum.

Netagarn	5 %	Kartöflumjöl	10 %
Net	—	Niðursoðin mjólk	—
Seglgarn	—	Skipsbrauð	—
Salt	—	Kaffi	—
Jarðepli	7½%	Kaffibætir	—
Jutevörur	—	Neftóbak	—
Pokar	—	Munntóbak	—
Trjáviður	—	Öl	—
Kork	—	Færi og Kaðlar	—
Sement	—	Linoleum	—
Plöntufeiti	10 %	Tunnur	—
Smjörliki	—	Farfi	—

Prentsverta	10 %	Vindlingar	10 %
Húsapappi	—	Sago	—
Mottur	—	Edik	—
Kalk	—	Sýra	—
Gluggagler	—	Saftir	—
Púður	—	Sjóklæði	—
Gaddavir	—	Fiður	—
Virtrossur	—	Reiðtýgi	—
Járnfestar	—	Aktýgi	—
Akkeri	—	Lofthringir	—
Járnskápar	—	Stofugögn	—
Kopiupressur	—	Eldspítur	—
Plógar	—	Skósverta	—
Bifreiðar	—	Prentpappír	—
Reiðhjól	—	Gólfmottur	—
Barnavagnar	—	Krit	—
Vagnhjól	—	Sédi	—
Bifvjar	—	Brýni, hverfisteinar	—
Ýmsar vjar	—	Járn og stál	—
Harmonikur	—	Pakjárn	—
Piano	—	Járnpípur	—
Korktappar	—	Skóflur	—
Saumur	—	Ljáir	—
Hestajárn	—	Smiðatól	—
Ýms hljóðfæri	—	Ofnar og eldavjar	—
Fikjur	—	Pottar	—
Döðlur	—	Byssur	—
Rúsinur	—	Málmar	—
Sveskjur	—	Skilvindur	—
Ávextir þurkaðir	—	Strokkar	—
— niðursoðnir	—	Sauma- og þrjónavjar	—
Segldúkur	—	Fötur	—
Ostur	—	Ljósmyndaáhöld	—
Kex og kökur	—	Kerti	—
The	—	Sápur	—
Kakaó	—	Umbúðapappír	—
Reyktóbak	—	Allar aðrar vörur	12 $\frac{1}{2}$ %
Vindlar	—		

120
19. okt.

2. gr.

Nú selur heildsali vörur til heildsala og má þá ekki hámark verðframsærlu á vörunni í heildsölu, sem ákveðið er í reglugjörð þessari, hækka við það.

120

19. okt.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. og 2. gr. reglugjörðar þessarar varða sektum alt að 10,000 kr.

4. gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum þessarar reglugjörðar, sker stjórnarráðið úr ágreiningnum.

5. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal fara sem almenn lög-reglumál.

6. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta er birt öllóm þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 19. október 1918.

Sigurður Jónsson

Oddur Hermannsson.

121

29. okt.

Framhaldsreglur

um leiðbeiningar um sölu og útflutning á saltkjöfl.

(Tilkynning nr. 9, frá Útflutningnefndinni).

1. gr.

Kjötinu verður veitt móttaka til útflutnings fob á þessum höfnum:

Reykjavík,	Skagaströnd,
Vestmannaeyjum,	Sauðárkrók,
Stykkishólmi,	Akureyri,
Flatey,	Svalbarðseyri,
Ísafirði,	Húsavík,
Hólmavík,	Þórshöfn,
Borðeyri,	Vopnafirði,
Hvammstunga,	Seyðisfirði,
Blönduósi,	Reyðarfirði.